



Fundur háskólaráðs 7. september 2006

Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 01.09.2006
Dags: 07.09.2006

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

11/2006

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 7. september var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Reynir Jóhannesson (varamaður Ernu Kristínar Blöndal), Rúnar Vilhjálmsson, Sigurrós Eiðsdóttir og Þórdís Kristmundsdóttir. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Skipun starfshóps um endurskoðun skora- og deildaskiptingar.

Rektor gerði grein fyrir framlögðum drögum að erindisbréfi nefndar um endurskoðun skora- og deildaskiptingar Háskóla Íslands. Lagði rektor til að nefndin verði skipuð þeim Ólafi Þ. Harðarsyni, prófessor, fulltrúa félagsvísindasviðs og varaforseta háskólaráðs, er verði formaður, Þórdísi Kristmundsdóttur, prófessor, fulltrúa heilbrigðisvísindagreina í háskólaráði, Ingu Jónu Þórðardóttur, viðskiptafræðingi, fulltrúa þjóðlífs í háskólaráði, Jóni Atli Benediktssyni, prófessor í verkfræðideild og þróunarstjóra og aðstoðarmanni rektors, Róbert H. Haraldssyni, dósent í hugvísindadeild, Rögnvaldi Ólafssyni, dósent í raunvísindadeild, og Sigurði Erni Hilmarssyni, formanni SHÍ. Með hópnum starfi Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnýslu.

Málið var rætt ítarlega.

- Samþykkt einróma.

1.2 Undirbúningur endurnýjunar samninga um kennslu og rannsóknir sem renna út um næstu áramót.

Rektor skýrði framlagt minnisblað um samninga Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um rannsóknir og kennslu. Málið var rætt.

- Rektor falið að fylgja eftir gerð nýrra samninga við menntamálaráðuneytið um kennslu og rannsóknir.

1.3 Framkvæmd nýrra laga um háskóla nr. 63/2006.

Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnýslu, og gerði rækilega grein fyrir framlögðu minnisblaði um verkefni sem Háskólinn og

deildir hans þurfa að standa skil á í kjölfar gildistöku nýrra laga um háskóla nr. 63/2006, sem og öðrum framlögðum gögnum. Málið var rætt ítarlega og svaraði Þórður framkomnum spurningum og athugasemdum.

1.4 Frumdrög að samningi Háskóla Íslands og Greiningar- og ráðgjafarmiðstöðvar Íslands.

Rektor fór yfir framlögð drög að samstarfssamningi milli Háskóla Íslands og Greiningar- og ráðgjafarmiðstöðvar Íslands um kennslu og rannsóknir. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma.

1.5 Frumdrög að samningi Háskóla Íslands og Landlæknisembættisins.

Rektor fór yfir framlögð drög að samningi milli Háskóla Íslands og Landlæknisembættisins um kennslu og rannsóknir í lýðheilsufræðum og öðrum heilbrigðisvísindagreinum. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Stjórnir, nefndir og ráð:

a) Skipun tveggja fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

- Samþykkt einróma að fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verði Rögnvaldur Ólafsson, dósent í raunvísindadeild, varamaður Snorri Þór Sigurðsson, prófessor í raunvísindadeild, og Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í hugvísindadeild, varamaður Arnfríður Guðmundsdóttir, dósent í guðfræðideild. Skipunartími þeirra er til fjögurra ára frá 24. október 2006 að telja.

b) Skipun eins fulltrúa í jafnréttisnefnd í stað Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors.

- Samþykkt einróma að skipa Ólaf Pétur Pálsson, dósent í verkfræðideild, fulltrúa í jafnréttisnefnd háskólaráðs. Skipunartími hans er til tveggja ára frá 1. júlí 2006 að telja.

c) Skipun varamanna í úthlutunarnefnd Háskólasjóðs Eimskipafélagsins, sbr. 2. gr. reglna sjóðsins.

- Samþykkt einróma að eftirtaldir verði varamenn í úthlutunarnefnd Háskólasjóðs Eimskipafélagsins 2006-2007: Þórður Jónsson, vísindamaður við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands (aðalmaður Lárus Thorlacius, prófessor í raunvísindadeild Háskóla Íslands, formaður úthlutunarnefndar), Valgerður Andrésdóttir, vísindamaður á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum (aðalmaður Guðmundur Þorgeirsson, prófessor í læknadeild), Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðisviðs Landsbanka Íslands (aðalmaður Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbanka Íslands), Jóhannes Rúnar Sveinsson, dósent í verkfræðideild (aðalmaður Helga M. Ögmundsdóttir, prófessor í læknadeild og formaður vísindanefndar háskólaráðs), Hrefna Róbertsdóttir, sviðsstjóri rannsókn- og varðveislusviðs Þjóðminjasafns Íslands (aðalmaður Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður), og Höskuldur Þráinsson, prófessor í hugvísindadeild (aðalmaður Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor í félagsvísindadeild). Jafnframt verði Sigrún Aðalbjarnardóttir varaformaður úthlutunarnefndarinnar.

2.2 Tillaga um skipun starfshóps til að fjalla um framtíðarskipulag og þróun Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, sbr. erindi frá tveimur fulltrúum skólans í stjórn stofnunarinnar.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Samþykkt einróma að eftirtaldir skipi starfshóp um framtíðarskipulag og þróun Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands: Magnús Þór Jónsson, prófessor í verkfræðideild og formaður stjórnar Endurmenntunarstofnunar, Róbert Spanó, dósent í lagadeild, Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í hjúkrunarfræðideild og fulltrúi Félags prófessora og Félags háskólakennara í háskólaráði, og Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í hugvísindadeild og fulltrúi hugvísindasviðs í háskólaráði.

2.3 Tillögur að nýjum reglum eða breytingum á reglum:

a) Tillaga að nýjum reglum um doktorsnám í félagsvísindadeild, ásamt greinargerð, sem samþykkt var á deildarfundi 22. júní sl.

Rektor skýrðu tillöguna.

- Samþykkt einróma.

b) Endurskoðaðar reglur um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild, samþykktar á deildarfundi 15. febrúar sl.

Rektor gerði grein fyrir tillögunni.

- Samþykkt einróma.

c) Beiðni um staðfestingu háskólaráðs á siðareglum fyrir rannsóknir í félagsvísindadeild sem samþykktar voru á deildarfundi 22. júní sl.

Ólafur Þ. Harðarsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Samþykkt einróma að háskólaráð staðfesti, fyrir sitt leyti, siðareglur fyrir rannsóknir í félagsvísindadeild, með því fororði að gerðar verði orðalagsbreytingar í samræmi við það sem fram kom á fundinum og siðareglurnar verði, eftir því sem ástæða er til, endurskoðaðar í ljósi þeirrar stefnumörkunar um framtíðarskipan siðareglna Háskólans sem framundan er á vettvangi háskólafundar.

d) Tillaga úthlutunarnefndar styrkja úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins að breytingu á 6. gr. reglna um sjóðinn.

Rektor gerði grein fyrir tillögunni.

- Samþykkt einróma.

e) Tillaga að auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um niðurfellingu reglna fyrir Orðabók Háskólans nr. 736/2001 og Stofnun Sigurðar Nordals nr. 708/2001, í kjölfar laga nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

- Samþykkt einróma.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Staða skráninga við Háskóla Íslands 2006-2007.

Þórður Kristinsson skýrði framlagt yfirlit um skráningartölur í Háskóla Íslands. Málið var rætt.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 15.00.